

Ungi litli

Einu sinni var ungi.
Það var hænuungi,
lítill, gulur hænuungi.
Ungi litli var úti við poll.
Ungi litli fór að gráta.

Önd synti á pollinum.
– Kvakk, kvakk, sagði öndin.
Af hverju ertu að gráta?

Þá sagði ungi litli:
– Ég kemst ekki yfir pollinn.
Þess vegna er ég að gráta.
Ég kemst ekki til mömmu.

– Kvakk, kvakk, sagði öndin.
Syntu eins og ég geri.
Syntu til mömmu þinnar.
Það er enginn vandi.
Svo synti öndin yfir pollinn.

Ungi litli sagði:
– Ég kann ekki að synda.
Ég kemst ekki yfir pollinn.
Ég kemst ekki til mömmu.
Svo fór hann aftur að gráta.

➤ **Hvers vegna grét ungi litli?**




Krummi sat við pollinn.
– Krunk, krunk, sagði krummi.
Af hverju ertu að gráta?

Þá sagði ungi litli:
– Ég kemst ekki yfir pollinn.
Þess vegna er ég að gráta.
Ég kemst ekki til mömmu.

– Krunk, krunk, sagði krummi.
Fljúgðu yfir pollinn.
Fljúgðu eins og ég geri.
Fljúgðu til mömmu þinnar.
Það er enginn vandi.
Svo flaug krummi yfir pollinn.

Þá sagði ungi litli.
– Ég kann ekki að fljúga.
Ég kemst ekki yfir pollinn.
Ég kemst ekki til mömmu.
Svo fór hann aftur að gráta.

➤ Hvað sagði krummi unga litla að gera?



Hundur sat við pollinn.
– Voff, voff, sagði hundurinn.
Af hverju ertu að gráta?

Þá sagði ungi litli:
– Ég kemst ekki yfir pollinn.
Þess vegna er ég að gráta.
Ég kemst ekki til mömmu.

– Voff, voff, voff, sagði hundurinn.
Stökktu yfir pollinn.
Stökktu eins og ég geri.
Stökktu til mömmu þinnar.
Það er enginn vandi.
Svo stökk hundurinn yfir pollinn.

Þá sagði ungi litli:
– Ég kann ekki að stökkva.
Ég kemst ekki yfir pollinn.
Ég kemst ekki til mömmu.
Svo fór hann aftur að gráta.

➤ **Hvaða ráð gaf hundurinn unga litla?**



Kisi sat við pollinn.

– Mjá, mjá, mjá, sagði kisi.
Af hverju ertu að gráta?

Þá sagði ungi litli:


– Ég kemst ekki yfir pollinn.
Þess vegna er ég að gráta.
Ég kemst ekki til mömmu.

– Mjá, mjá, mjá, sagði kisi.
Stökktu yfir pollinn.
Stökktu eins og ég geri.
Stökktu til mömmu þinnar.
Það er enginn vandi.
Svo stökk kisi yfir pollinn.

Þá sagði ungi litli:

– Ég kann ekki að stökkva.
Ég kemst ekki yfir pollinn.
Ég kemst ekki til mömmu.
Svo fór hann aftur að gráta.

- **Af hverju gat ungi litli ekki gert eins og hundurinn og kisi ráðlögðu?**



Hæna–mamma heyrði þetta.
Hún heyrði þetta yfir pollinn.

– Agg, gagg, gagg, sagði hún.
Þú kannt ekki að synda.
Þú kannt ekki að fljúga.
Þú kannt ekki að stökkva
en þú kannt að hlaupa.

Agg, gagg, gagg.
Hlauptu kringum pollinn.
Það er enginn vandi.
Hlauptu til mín, ungi litli.

Þetta heyrði ungi litli.
Hann hlóp kringum pollinn.
Hann hætti að gráta
og hljóp til hennar mömmu sinnar.

- Hver kenndi unganum ráð sem dugði?
- Hvaða dýr hitti ungi litli? Segðu frá þeim.